



**REYKJAVÍK**  
— fyrir okkur öll

**Vinna starfshóps um NPA  
samninga,  
beingreiðslusamninga og  
sértækt húsnæði fyrir fatlað  
fólk**

Aðalbjörg Traustadóttir  
21. nóvember 2024





# Aðdragandi vinnu starfshóps

Málaflokkur fatlaðs fólks færðist frá ríki til sveitarfélaga í janúar 2011. Frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar á þjónustu við fatlað fólk, bæði vegna frampróunar, aukinna og breyttra krafna í lögum og fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Veigamiklar breytingar á viðhorfum og þjónustu við fatlað fólk fylgdu samhliða setningu laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsbarfir nr. 38/2018





# Aðdragandi vinnu starfshóps

Reykjavíkurborg hefur verið í broddi fylkingar hvað varðar frampróun málaflokksins og uppbyggingu sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk, sbr. samþykkt og fjármögnuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk 2018 - 2030.

Árið 2022 var endurskoðuð uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk samþykkt í borgarráði 11. ágúst 2022. Áætlunin gerir ráð fyrir 20 íbúðakjörnum, þar af 11 íbúðakjörnum út frá biðlistum, sex íbúðakjörnum vegna boðs um annars konar búsetu samkvæmt lögum nr. 38/2018, og þremur íbúðakjörnum vegna húsnæðis í eigu þriðja aðila, auk tveggja færanlegra teyma sem myndu veita stuðning til 48 einstaklinga. Endurskoðuð uppbyggingaráætlun hefur ekki verið fjármögnuð en hluti hennar átti að koma til framkvæmda/notkunar á árunum 2023 og 2024.





# Aðdragandi vinnu starfshóps

Mikill kostnaður hefur fylgt uppbyggingu og framþróun þjónustunnar og hafa sveitarfélög landsins ítrekað bent á mikilvægi þess að fjármagn fylgi málaflokknum svo unnt sé að byggja upp og viðhalda umræddri lögbundinni þjónustu en ljóst er að mikill fjárhagslegur halli hefur verið á málaflokknum nánast frá yfirfærslu málaflokksins

Viðræður um framangreint hafa staðið yfir milli ríkis og sveitarfélaga og þrátt fyrir að ákveðnum áföngum hafi verið náð er ljóst að enn vantar talsvert upp á fulla fjármögnun málaflokksins.





# Starfshópur um NPA, beingreiðslu og sértækt

Á grundvelli samþykktar velferðarráðs frá 21. ágúst 2024 skipaði sviðsstjóri velferðarsviðs starfshóp um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), beingreiðslusamninga og húsnæði fyrir fatlað fólk með erindisbréfi dagsettu 21. ágúst 2024.





# Starfshópur

## Starfshópurinn skipuðu:

**Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks VEL**

**Helga Jóna Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur VEL**

**Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri VEL**

**Ólafía Magnea Hinriksdóttir, verkefnastjóri VEL**

**Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfræðingur VEL**

**Þórdís Linda Guðmundsdóttir, deildarstjóri VEL**

**Einar Þórmundsson, sérfræðingur í fjármálum VEL**

**Erik Tryggvi S. Bjarnason, skrifstofustjóri FAS**

**Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri FAS**

**Ebba Schram, borgarlögmaður BLÖ**

**Theodór Kjartansson, lögmaður BLÖ**





# Helstu verkefni starfshóps

- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um NPA.
- Útbúa verkferla um notendastýrða persónulega aðstoð, vegna nýrra umsókna og vinnslu þeirra, þ.m.t. tímaramma ferlis frá móttöku umsóknar til samþykktar hennar sem og samskipti ráðgjafa við umsækjanda fram að úthlutun NPA samnings og umreiknings mats á tímafjölda til grundvallar samningum.
- Endurskoða matsviðmið NPA umsókna (matslíkan) og gera tillögur að breytingum þar að lútandi.
- Endurskoða ferli úthlutunar samninga um NPA.
- Endurskoða nógildandi reglur um NPA og gera tillögur að breytingum.
- Kanna og leggja mat á þörf fyrir áætlanir um úthlutun til þeirra sem eiga samþykktar umsóknir um NPA.
- Útbúa verkferla varðandi endurnýjun NPA umsókna, eftirfylgd þeirra og eftirlit með samningum



# Helstu verkefni starfshóps

- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um beingreiðslusamninga.
- Leggja mat hvort þörf sé á endurskoðun nógildandi reglna um beingreiðslusamninga.
- Gera tillögu að breytingum á matsviðmiðum vegna umsókna um sértæk húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, þ.m.t. biðtíma eftir þjónustuflokkum.
- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um sértæk húsnæðisúrræði.
- Endurskoða nógildandi reglur um félagslegt leiguhúsnæði og gera tillögur að breytingum.
- Endurskoða ferli úthlutunar sértæks húsnæðisúrræðis.
- Endurskoða verkferla vegna persónubundinna áætla fyrir sértækt húsnæði.





# Vinna starfshóps

Frá skipan starfshópsins hittust fulltrúar hans vikulega frá 30. ágúst og í september og október og unnu að verkefnum hópsins. Að auki voru ákveðin verkefni unnin á milli funda. Alls voru fundir starfshópsins í heild níu talsins. Frumdrög að vinnu starfshópsins voru kynnt á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks hinn 19. september og á samráðsfundi með fulltrúum Geðhjálpur og Þroskahjálpur hinn 16. september 2024 til upplýsinga.



# Leiðarljós í þjónustu við fatlað fólk

